

Colas Ísland hf.
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 18. október
2022UST202202-386/G.S.O.
08.06.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 10. ágúst 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 10. júní sl. Frestur var veittur til 10. september 2022 til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Stöðuleyfi eða skriflegt samþykki landeiganda og sveitarfélags hafði ekki borist stofnunni sbr. greinar 1.2 og 3.11 í starfsleyfi. **Frávikinu var lokað með bréfi 10. ágúst.**
2. Ryk í útblæstri stöðvarinnar í síðustu mælingu var yfir losunarmörkum í starfsleyfi, sbr. gr. 3.5 og ný mæling hefur ekki borist stofnunni. **Ný mæling barst 18. október og eru niðurstöðurnar innan skekkjumarka.**
3. Ársyfirlit sbr. gr. 4.5 með samantekt á skráningum og mælingum vegna ársins 2021 hefur ekki borist stofnuninni. **Ársyfirlit barst 6. október.**

Umhverfisstofnun hefur borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson,
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur